

Jón Viðar Sigurðsson

Garðabær, 12. ágúst 2025

202508-0013/P.V.B.

10.01.01

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - Jarðhiti í Esjufjöllum

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Jóns Viðar Sigurðssonar, dagsett 2. ágúst 2025, um leyfi til rannsókna innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vatnajökulsþjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#). Skv 15. gr. b. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að rannsaka umfang og gerð jarðhitasvæða í Esjufjöllum. Athuganir færu fram með dróna. Áætlað er að rannsóknarvinna á svæðinu taki innan við tvo klukkutíma á tímabilinu 8. ágúst til 31. október 2025. Nákvæm dagsetning færi eftir veðri.

Áhrifamat

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Jóni Viðari Sigurðssyni fyrir sitt leyti leyfi til rannsókna í Esjufjöllum innan Vatnajökulsþjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan í einn dag frá dagsetningu þessa bréfs til 31. október 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Rannsóknaraðilar skulu vera auðkenndir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaðra loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Anna Ragnardóttir Pedersen

þjóðgarðsvörður

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur